

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands haldinn í Borgartúni 6, Reykjavík, miðvikudaginn 25. maí 2016 kl. 19:30.

a) Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður Þ.Í. setti fundinn og bauð alla velkomna. Hún lagði til að kosnir yrðu starfsmenn fundarins og að þeir yrðu Guðrún Halla Jónsdóttir fundarstjóri og ritarar Anna Margrét Guðmundsdóttir og Margrét Smith og var það samþykkt með lófaklappi.

Guðrún Halla tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

b) Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015-2016. Laufey Elísabet formaður félagsins kynnti skýrsluna. Í upphafi benti formaðurinn á að skýrsla stjórnar og ráða, væri nú aðgengileg á heimasíðu félagsins og að hún færi yfir það markverðasta.

Formaðurinn kynnti stjórn ÞÍ, tengla við nefndir og ráð og svo hlutverk skrifstofu.

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður, Steinunn Jónsdóttir ritari, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Guðrún Halla Jónsdóttir, Kristín J. Sigurjónsdóttir og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Hanna Kristín Sigurðardóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS

Kristín J. Sigurjónsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Steinunn Jónsdóttir er tengiliður við Útgáfuráð

Guðrún Halla Jónsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við Laganefnd.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs.

Anna Björk Sverrisdóttir, þroskaþjálfari er fulltrúi í Netlu

Anna Lilja Magnúsdóttir er tengiliður við Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Á skrifstofu félagsins starfa formaður og framkvæmdastjóri í fullu starfi.

Þar eru unnin flest þau verkefni, sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess.

Í máli formanns kom fram að starfandi Fagráð hafi unnið mikið verk á árinu og séð um undirbúning á málþingi þroskaþjálfara. Málþingið fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum en yfirskriftin var „ofbeldi í starfi“.

Siðanefnd hefur starfað mikið á árinu og verða nýjar siðareglur kynntar á fundinum.

Útgáfuráð sá um að gefa út Þroskaþjálfann í janúar á þessu ári.

Árið einkenndist af mikilli vinnu í kjaraviðræðum og gerð kjarasamninga, verkfalla og dómsmála. Kjarakönnun BHM var gerð í byrjun þessa árs. Laufey þakkaði þroskaþjálfum fyrir frábæra þátttöku í könnuninni en félagið vann bikarinn fyrir góða þátttöku og tók hún við bikarnum f.h. félagsins á aðalfundi BHM.

Mikilvægt er, að hver og einn fái greitt það sem honum ber og hver og einn verður að fylgjast vel með að svo sé.

Félagið átti 50 ára afmæli á árinu og margt var gert af því tilefni. Gefin var út bókin Þroskaþjálfar á Íslandi saga stéttar í hálföld. Ný heimasíða var tekið í notkun og vegleg afmælisveisla var haldin ásamt starfsdegi og fræðslufundum.

Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfa var 2. október og héldu margir þroskaþjálfar merki félagsins á lofti á vinnustöðum sínum og mikil þátttaka á samfélagsmiðlum.

Nefndir og ráð félagsins hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu.

Stjórnin hefur sett sér það markmið að auka samstarf við nemendur í þroskaþjálfun og kennara skólans (HÍ). Félagið hefur fengið fyrsta árs nema í heimsókn til að kynna sér félagið og starfsemi þess. Félagið er einnig í norrænu samstarfi og hefur verið að skoða og bera saman nám í þroskaþjálfun á Norðurlöndunum.

Viljayfirlýsing var undirrituð milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélags Íslands um faglegt samstarf.

Í síðustu viku var fyrsti fundur starfshóps, sem á að skoða nám þroskaþjálfa og markmiðið er að skoða námið Ýtarlega. Vinnuhópurinn skipa Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður Þ.Í., Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður Þroskaþjálpar, Aileen S. Sveinsdóttir formaður Átaks, fulltrúi Rannsóknastofu í Fötlunarfræðum er Rannveig Traustadóttir, Soffía Lárusdóttir forstöðumaður GGR, Stefanía Smáradóttir fulltrúi nemenda og Andrea Gerður Dofradóttir frá Menntavísindasviði en hún mun leiða þessa vinnu. Áætlað er að starfshópurinn skili niðurstöðu í september.

Að lokum þakkaði formaðurinn öllum þeim, sem hún hefur starfað með á árinu fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Guðrún Halla fundarstjóri þakkaði Laufeyju fyrir og leggur til að skýrsla gjaldkera, sem er næsti dagskráliður, verði kynnt fyrst áður en opnað verði fyrir almenna umræðu. Þar sem gjaldkeri félagsins Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir er veik, óskaði fundarstjóri eftir því, að Anna Lilja Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri félagsins fari yfir reikninga félagsins.

c) Anna Lilja fór ýtarlega yfir rekstrar- og efnahagsreikninga, ásamt skýringum og sundurliðun reikninganna. Rekstrarhalli félagsins er tilkominn vegna 50 ára afmælis félagsins en vel var lagt í afmælið og það sem því fylgdi. Eigið fé félagsins er jákvætt um kr. 57.777.136.

Fundarstjóri gaf nú orðið laust um skýrslu stjórnar og gjaldkera. Enginn hvatti sér hljóðs og voru skýrslurnar samþykktar með lófaklappi.

d) Næsti dagskráliður, lagabreytingar en fundarstjóri lagði til að þeim liði yrði sleppt, þar sem engar lagabreytingar lögju fyrir fundinum.

e) Næsta mál á dagskrá er kosning í stjórn, nefndir og ráð.

Formaðurinn Laufey Elísabet Gissuradóttir, gefur kost á sér sem formaður ÞÍ árið 2016-2018 og var það samþykkt með lófaklappi.

Bjarnveig Magnúsdóttir gefur kost á sér sem meðstjórnandi og var það samþykkt.

Steinunn Jónsdóttir og Guðrún Halla Jónsdóttir voru endurkjörnar til tveggja ára.

Útgáfuráð: Kristín Helga Magnúsdóttir tekur við af Sólveigu Steinsson. Oddrún Ólafsdóttir heldur áfram og Anna Kristín Magnúsdóttir tekur við af Guðnýju Jónsdóttur. Samþykkt.

Fagráð: Kristbjörg Hjaltadóttir gefur kost á sér til eins árs. Ákveðið var að fresta kosningu í Fagráð fram yfir kaffihlé, þar sem misvísandi upplýsingar komu fram um, hvort hún væri í kjöri eða ekki.

Fyrirspurn kom um ástæðu þess, að sumir væru kosnir til eins árs og aðrir til tveggja ára. Kjörtímabil er tvö ár en ef eitthvað kemur upp á hjá viðkomandi, þarf að kjósa nýja aðila.

Laganefnd: Rannveig Ragnarsdóttir er að hætta og Ragnhildur Þorsteinsdóttir tekur við af henni. Halla Steinunn Hinrkisdóttir hættir og Rannveig Biering tekur við. Samþykkt.

Kjörnefnd: Rún Halldórsdóttir gefur áfram kost á sér og Kristín Gísladóttir tekur við af Hrafnhildi Láru Þórðardóttur. Samþykkt.

Fundarstjóri óskar eftir því að haft verði samband við Kristbjörgu Hjaltadóttur, þannig að hægt verði að kjósa í Fagráð.

f) Næsta mál, kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara. Stjórnin lagði til að sömu aðilar Þórhildur Garðarsdóttir og Jóhanna Margrét Árnadóttir, sem hafa verið skoðunarmenn reikninga, verði þar áfram og var það samþykkt.

Fundurinn gaf nú samþykki sitt, að setja kosningu Fagráðs undir liðinn önnur mál.

g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin.

Framkvæmdarstjóri félagsins Anna Lilja kynnti fjárhgsáætlun ársins 2016.

Stjórnin lagði til að félagsgjöld verði óbreytt þ.e. 1,4% af dagvinnulaunum. Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir tilkynnti, að hún ætlaði að víkja úr fagráði og því telst Kristbjörg Hjaltadóttur rétt kjörin, ásamt Elvu Ösp Ólafsdóttur, Fanneyju Sumarliðadóttur og Örnú Bender og var það samþykkt með lófaklappi.

Kaffihlé í 20 mín. þar sem boðið var upp á veitingar.

f) Önnur mál.

Fundarstjóri gaf Árna Má Björnssyni formanni siðanefndar orðið en hann kynnti nýjar siðareglur félagsins. Í máli hans kom fram, að ekki væri hægt að samþykkja siðareglurnar eða synja, nema í heild sinni. Mikil vinna hefur átt sér stað síðustu árin við vinnu og smíði siðareglanna. Vinnan fólst m.a. í fyrirlestrum höldnum af fagráði árið 2012. Á starfsdögum í Reykjanesbæ árið 2013, hélt vinnan einnig áfram. Einnig voru skoðaðar siðareglur Norðmanna. Árni Már sagði, að Siðfræðistofnun hefði í tvígang yfirfarið siðareglurnar. Ástríður Stefánsdóttir siðfræðingur og læknir, var siðanefnd innanhandar, ásamt Sigurði Kristinssynni. Rýnihópar hafa farið yfir reglurnar og komið með tillögur. Einnig var tekið mið af lögum félagsins. Árni Már nefndi, að þrátt fyrir mikla vinnu, hefði starfið verið skemmtilegt og gefandi í alla staði.

Árni Már las síðan upp nýjar siðareglur þroskaþjálfara og siðfræðileg viðmið, tillagan að nýjum siðareglum er að finna undir aðalfundargögnum á heimasíðunni.

Fundarstjóri gaf orðið laust um siðareglurnar. Anna Lilja framkvæmdarstjóri benti á, að allir félagsmenn hefðu haft tækifæri á öllum stigum málsins, að koma með athugasemdir og tillögur.

Siðareglurnar voru síðan bornar upp til samþykktar og voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Siðanefndin Árni Már, Hrefna, Guðbjörg Birna og Signý uppskáru mikið lófaklapp.

Árni Már tók nú til máls og fór nánar út í þá vinnu, sem liggur á bak við hverja grein og hvert orð oft á tíðum. Hann benti á, að hugmynd væri að setja link með frekari upplýsingum um hverja grein, þannig væri hægt að átta sig á, hvaða vinna og hugsun væri að baki. Hann sagði einnig frá, að búið væri að leggja drög að því, að gefa út kynningarbækling til að kynna stéttina betur. Hrefna Sigurðardóttir fulltrúi í siðanefnd benti á, að starfsreglur siðanefndar væru í endurskoðun. Árni Már sagði frá því, að starfsreglur siðanefndar hefðu ekki verið fullnægjandi og því hafi siðanefndin líka farið í þá vinnu. Nú væru reglurnar tilbúnar og væru þær mjög ýtarlegar og góðar. Ekki er hins vegar búið að samþykka starfsreglurnar.

Sigríður Kristjánsdóttir óskaði eftir frekari skýringum á reglu 14. Árni Már og Hrefna Sigurðardóttir fóru nánar í reglu 14.

Helga Birna Gunnarsdóttir benti á, að siðanefnd gæti ekki úrskurðað í málum, heldur þyrfti að vísa málum til Landlæknis.

Formaður félagsins, Laufey Elísabet Gissurardóttir tók til máls og kallaði upp fulltrúa í siðanefnd, þau Árna Má, Hrefnu, Guðbjörgu Birnu og Signýju og afhenti þeim fyrstu siðareglur félagsins innrammaðar, ásamt gjafabréfi á Vox, með þakklæti fyrir þá miklu vinnu, sem þau hafa síðustu árin lagt til félagsins.

Fundarstjóri gefur Helgu Birnu Gunnarsdóttur orðið en hún hefur lagt fram tillögu og greinargerð fyrir fundinn.

Tillaga til aðalfundar Þroskaþjálfafélags Íslands 2016.

Tillaga:

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands, haldinn að Borgartúni 6, 105 Reykjavík 25.maí, 2016, samþykkir að Þroskaþjálfafélag Íslands leiti eftir samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp og Átak, félag fólks með þroskahömlun, um framkvæmd könnunar á áliti umbjóðenda þeirra á gæðum þeirrar þjónustu sem þroskaþjálfar veita. Ennfremur hvers þeir vænti helst af þjónustu þroskaþjálfra.

Framkvæmd könnunarinnar, fyrirkomulag og önnur nálgun, verði ákveðin í samráði þessara þriggja aðila. Niðurstaða könnunarinnar verði höfð til hliðsjónar við skipan náms þroskaþjálfra, hvað það skuli fela í sér svo og lengd námstíma.

Lagt er til, að umræddir samstarfsaðilar komi sér saman um, hvort niðurstöðum verði vísað til frekari umræðu og/eða úrvinnslu með Menntavísindasviði Háskóla Íslands, sem hefur undirritað viljayfirlýsingu um faglegt samstarf við Þroskaþjálfafélag Íslands, og/eða Rannsóknarsetri í þroskaþjálfrafræðum, sem er skráður samstarfsaðili Þroskaþjálfafélags Íslands.

Helga Birna Gunnarsdóttir.

Fundarstjóri bar upp tillögu Helgu Birnu og óskaði eftir umræðu um tillöguna.

Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður ÞÍ tók til máls. Í máli Hönnu Kristínar kom fram, að tillagan skaraðist við þá vinnu sem nú þegar er í gangi hjá nýskipuðum starfshópi, sem skila á niðurstöðum í september n.k. Starfshópnum er ætlað að móta tillögur að framtíðarskipan námsins og hvernig styrkja megi rannsóknir á sviðinu.

Helga Birna spyr Hönnu Kristínu, hvort að hún telji því að tillaga hennar sé óþörf þar sem félagið, sé í rauninni komið lengra með vinnu sinni í starfshópnum.

Guðný Stefánsdóttir tók til máls um tillögu Helgu Birnu og um þann starfshóp sem nú er í vinnu. Hún segir að frábært sé að starfshópurinn sé farinn að starfa. Þroskaþjálfastéttin hafi reynt í langan tíma, að koma inn með sín sjónarmið. Við sem höfum haft einhverja skoðun á því hvað fer fram, höfum ekki verið vinsæl. Guðný mælti með, að fundurinn greiddi tillögu Helgu Birnu atkvæði sitt. Ef tillagan yrði samþykkt, þá muni hún verða gott veganesti fyrir starfshópinn, að vinna eftir.

Umræða skapaðist um tillöguna og vinnu starfshópsins. Spurning kom um, hvort ætti að framkvæma könnun eða almenn viðtöl, til þess að nálgast upplýsingarnar.

Helga Birna segist ekki kaupa það, að tillagan skarist við starfshópinn, því hér sé í rauninni fyrst og fremst verið að vísa til, að gefa þessum jaðarsetta hópi tækifæri til að brjóta blað og vísaði í greinagerð, sem fylgdi tillögunni. Hún benti á að bæði leik- og grunnskólakennarar hafi lengi bætt nám sitt úr þremur í fimm ár. Helga Birna minntist þess ekki, að umræða meðal skólabarna eða foreldra þeirra hafi farið fram um lengingu námsins. Einnig benti hún á, að við hefðum aðgang að hagsmunasamtökum fólks með þroskahömlun og hefðum því tækifæri á, að gefa þeim aðgang að íslensku lýðræði.

Fundarstjóri gaf nú formanni félagsins, Laufeyju Elísabetu orðið.

Laufey sagði, að í langan tíma hefði félagið reynt að fá samtalið við Menntavísindasvið. Við viljum ræða um innihald námsins og lengingu námsins. Flest allar samstarfsstéttir okkar, hafa lengt námið sitt í fimm ár. Laufey taldi, að oft væri gengið fram hjá þroskaþjálfum í ráðningu í stjórnunarstörf, þar sem við fáum starfsleyfi eftir BA gráðu en ekki mastersgráðu. Einnig sagði hún frá því, að fyrir sex árum síðan, tilkynnti forstöðumaður Menntavísindasviðs H.Í., að Þ.Í., hefði ekki neitt um námið í H.Í. að segja. Við höfum samt ekki gefist upp og ákveðið skref var stigið á síðasta ári, þegar skrifað var undir viljayfirlýsingu um, að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfra. Ákveðið að hittast tvisvar á ári og ræða saman. Einnig skipun þroskaþjálfra í starfshópinn en vilji félagsins var að skipa tvo til þrjá þroskaþjálfra en það fékkst ekki.

Laufey fór yfir tillögu Helgu Birnu og sagðist spyrja sig spurninga, þar sem hlutverk hennar sem formanns, væri að vinna úr tillögunni og hvernig ætti að vinna áfram með málið. Benti á kostnað og fleira, sem tengist vinnu við kannanir almennt. Formaðurinn sagði jafnframt, að það væri frábært að vera með þroskaþjálfra, sem búinn væri að ljúka sínu starfi fyrir okkur en héldi samt ótrauður áfram.

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko segist setja spurningamerki við, að akademískur fulltrúi starfshópsins, sé fötlunarfræðingur en ekki þroskaþjálfri.

Sigríður Kristjánsdóttir velti því upp, hvort að þeir sem standi að tillögunni vilji ekki, að námið fari úr þremur í fimm ár. Hún er ánægð með starfshópinn og telur að hann nái til flestra í stéttinni en gerir einnig athugasemd við, að það sé enginn frá fræðasviði þroskaþjálfra. Sigríður vill greiða leið starfshópsins og taka ákvörðun um framhaldið, þegar hópurinn skilar niðurstöðum.

Lilja Össurardóttir fær orðið og segist hafa verið kennari í H.Í. um árabíl og þá hafi umræðan um lengingu námsins verið mjög virk. Hún sagði, að þó hefði ekki verið rætt um að lengja námið úr þremur í fimm ár.

Hún benti einnig á, að þroskaþjálfar geti sótt sér meistaranám í H.Í. og benti t.d. á nám í stjórnun en við nýttum það ekki nóg. Margir halda, að þroskaþjálfar séu að mennta sig út úr stéttinni með því að

fara í meistaranám í einhverju öðru en þroskaþjálfun en hún taldi, að þannig væru þroskaþjálfar að auka þekkingu sína. Vettvangurinn hefur mikið breyst, þar sem namar nú hafi enga starfsreynslu en þegar námið var í sérskóla, þá var krafist starfsreynslu. Hún lýsti ánægju sinni með skipun starfshópsins en telur, að ekki sé raunhæft að niðurstaða liggi fyrir í september.

Helga Birna óskar eftir því við Lilju, að koma með breytingartillögu við tillögu hennar, þar sem hún komi með góða punkta inn í umræðuna. Ef við fáum að vita hvað nýútskrifaðir þroskaþjálfar segja um málið og ef þetta samræmist, þá erum við komin með góðan grunn að námi.

Valborg Helgadóttir lýsti yfir, að tillaga Helgu Birnu væri mjög flott en spyr sig spurninga um kostnað. Hún vill sjá hvað kemur út úr starfshópnum. Leggur til að vísa tillögunni til stjórnar.

Helga Birna fær orðið aftur og segir að tillaga hennar falli ekki inn í neinn tímaramma. Lagt er til að samþykkja samvinnu við ÞÍ, Þroskahjálp og Átak um, að gerð verði könnun um álit notenda á gæðum þjónustu.

Anna Lilja leggur til að Lilja leggi fram breytingartillögu. Leggur til, að færa tillögu Helgu Birnu til stjórnar, hvað með kostnað, hvað það taki langan tíma og þess háttar. Lagt síðan fyrir félagsfund hvort við ættum að leggja kostnað í þetta. Við þurfum að vita hvað við ætlum að spyrja um. Þurfum að fá fagaðila til þess að gera þennan spurningalista.

Halla Harpa Stefánsdóttir benti á, að tvisvar sinnum hefði verið gerð könnun á þjónustunni en ekki tekið til þjónustu þroskaþjálfara sérstaklega.

Guðný Jónsdóttir nefndi að við ættum að halda okkar vinnu áfram þrátt fyrir vinnu starfshópsins.

Gíslný Bára Þórðardóttir segir að tillagan sé mjög góð en hvort ekki sé hægt að sleppa neðstu greininni og ákveða hjá þessum aðilum, hvort hægt sé að gera þessa könnun.

Fundarstjóri benti nú á, að tillaga Helgu Birnu liggi fyrir og ef einhverjar breytingar eigi að koma til, þurfi að leggja fram breytingartillögu við tillögu Helgu Birnu.

Lilja Össurardóttir og Helga Birna Gunnarsdóttir lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu.

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands, haldinn að Borgartúni 6, 105 Reykjavík 25. maí, 2016 samþykkir, að Þroskaþjálfafélag Íslands leiti eftir samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp og Átak, félag fólks með þroskahömlun, um framkvæmd könnunar, á áliti umþjóðenda þeirra á gæðum þeirrar þjónustu sem þroskaþjálfar veita. Ennfremur hvers þeir vænti helst af þjónustu þroskaþjálfara. Einnig skal ræða við þroskaþjálfara um störf þeirra og hvernig menntun þeirra nýtist í starfi.

Framkvæmd könnunarinnar, fyrirkomulag og önnur nálgun, verði ákveðin í samráði þessara þriggja aðila. Lagt er til að niðurstaða könnunarinnar verði höfð til hliðsjónar við skipan náms þroskaþjálfara, hvað það skuli fela í sér svo og lengd námstíma.

Fundarstjóri Guðrún Halla bar nú upp breytingartillöguna og var hún einróma samþykkt.

Signý Þórðardóttir fulltrúi í siðanefnd, vildi koma því á framfæri, hvað við þroskaþjálfar mættum vera stoltir af siðareglum okkar. Í siðareglunum kemur fram mikil virðing fyrir störfum okkar og menntun. Reglurnar eru okkar leiðarvísir í öllu starfi.

Fundarstjóri gaf nú formanni félagsins Laufeyju Elísabetu orðið til þess að slíta fundi. Formaðurinn þakkaði það traust sem henni var sýnt. Þakkaði stjórn, og framkvæmdarstjóra, sem hún sagði að væri vakinn og sofinn í starfi sínu fyrir félagið. Þakkaði einnig nefndum félagsins fyrir gott samstarf. Að lokum þakkaði hún starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf og færði þeim gjöf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:45.

Fundarritarar: Anna Margrét Guðmundsdóttir og Margrét Smith.